

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

b.t. nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 15. mars 2017

Efni: Umsögn um 146. mál – tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um orkuskipti

Umsögn Skeljungs hf. er sameiginleg með Íslenska vetnisfélaginu ehf. sem er dótturfélag Skelungs og saman fagna þau framkominni þingsályktunartillögu, sem miðar að því að auka hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa og að með því verði stuðlað að orkusparnaði, orkuöryggi, minni losun gróðurhúsalofttegunda, nýsköpun og nýrri atvinnustarfsemi.

Hér eru taldir upp þeir þættir úr aðgerðaáætlun um orkuskipti, sem gefin er umsögn um.

A. Hagrænir hvatar, innlend framleiðsla og orkusparnaður.

Tilgangur með gjaldtöku af umferð er uppbygging og viðhald samgöngumannvirkja og miðast hún þannig við að þeir sem nýta vegakerfið greiði fyrir notkun, óháð orkugjöfum. Þetta felur í sér að finna verður varanlegar leiðir til að innheimta vöru- og veggjöld af allri umferð.

Auknar kvaðir og gjaldtaka á jarðefnaeldsneyti til að auka samkeppnishæfni endurnýjanlegs eldsneytis getur komið illa niður á heimilum og fyrirtækjum sem ekki eru í stakk búin til að fjárfesta í nýjum vetnis- eða rafmagnsbifreiðum.

Tekið er undir þau áform að miða endurgreiðslu virðisaukaskatts við ákveðinn fjölda ökutækja og þar með rúm tímamörk. Slík meðgjöf gefur almenningi og tilteknum atvinnufyrirtækjum tækifæri til að fjárfesta í hreinorkubílum eins og vetnis- og rafmagnsbílum, til jafns við fyrirtæki innan virðisaukaskattkerfis. Almenn regla sem sett er til ákveðins tíma, er nauðsynleg til að aðilar geti skipulagt endurnýjun bíla til framtíðar á sem hagkvæmasta hátt og einnig til að mæta auknum tilkostnaði á meðan slíkir bílar eru dýrari valkostur.

Brýnt er að til komi heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts fyrir hreinorkubíla til almenningsgangna. Fyrir liggur að fyrirtæki sem standa fyrir almenningsgangnum hafa ekki svigrúm til að fjárfesta í slíkum tækjum vegna hærri stofnkostnaðar. Full endurgreiðsla virðisaukaskatts af hreinorkubílum til almenningsgangna, stuðlar að því að hreinorkubílar verði raunhæfari kostur og er hvatt til þess. Jákvætt er ef stórir notendur á sviði almenningsgangna kæmu til sem viðskiptavinir endurnýjanlegrar orku og það myndi auðvelda og flýta allri uppbyggingu nauðsynlegra innviða á vegum einkaaðila.

Setja verður sömu viðmið um sjálfbærni og gæði lífoldsneytis á Íslandi og almennt gilda í Evrópu og í þeim löndum sem við eigum viðskipti við. Aukinn kostnað samfélagsins við innkaup lífoldsneytis, umfram kostnað við jarðefnaeldsneyti verður ávallt að meta í samanburði við þann ávinning sem hlýst af minni útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Skeljungur hefur lagt til að notkun lífheldsneytis til annarra nota en samgangna, telji upp í ákvæði um söluskyldu sem er í gildi, sbr. 3. gr. laga nr. 40/2013 um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi. Tillagan var sett fram í þágu umhverfisins í aðdraganda lagasetningarinnar á árinu 2013 og er til þess fallin að draga úr kostnaði við birgðahald, innkaup og innviðaupbyggingu. Þær hugmyndir fengu ekki hljómgrunn þá. Lagt er til að allt endurnýjanlegt eldsneyti telji við útreikning á skyldum söluaðila óháð notkun, frekar en að innleiða söluskyldu á eldsneyti til skipa.

Skeljungur styður leiðir til að draga úr notkun svartolíu, þar sem það reynist unnt. Þessi þróun er nú þegar til staðar og með aukinni tækni við olíuhreinsun, er gengið lengra í hreinsun hreinni og verðmætari afurða úr hráolíu og því eru gæði þeirrar svartolíu sem nú er í boði mögulega lakari en áður.

B. Innviðir

Skeljungur og Íslenska vetnisfélagið taka undir að þörf er á átaki og stuðningi við uppbyggingu innviða, ef fylgja á eftir áformum um að draga úr almennri notkun jarðefnaeldsneytis á komandi árum. Uppbygging af þessum toga er mjög kostnaðarsöm og arðsemi er óhjákvæmilega neikvæð, fyrstu árin.

C. Stefnumótun, reglugerðir og rannsóknir.

Stefnumörkun varðandi vistvæn innkaup og samgöngur er á valdi ríkis og sveitarfélaga og sjálfsagt að hvetja enn frekar til þeirra m.a. við endurnýjun bílafloata sömu aðila.

Við orkuskipti þarf að hvetja til þess og stuðla að framboði endurnýjanlegra orkugjafa á starfsstöðvum sem þegar selja jarðefnaeldsneyti, þannig verði boðið upp á sem flesta valkosti á fjölorlustöðvum, samhliða áherslum um nýja uppbyggingu hreinorkustöðva.

Tekið er undir að Marpol Annex VI, alþjóðlegar reglur um loftmengun frá skipum verði teknar upp og innleiddar á íslenskum hafsvæðum. Með VI viðauka er stefnt að hámark brennisteins í svartolíu verði 0,5% frá árinu 2020. Ef taka á upp strangari ákvæði á skilgreindum hafsvæðum, svokölluðum SECA svæðum, þarf að tryggja að það samræmist alþjóðlegum siglingalögum, að veittur verði eðlilegur aðlögunartími og að til staðar verði nægt aðgengi að skipaeldsneyti með hámark 0,1% brennistein.

Fh. Skeljungs hf.

Fh. Íslenska vetnisfélagsins ehf.


Ólafur Jónsson.